

61. þing Sundsambands Íslands
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
6. og 7. mars 2015

Þingskjal nr: 2015 - 14

61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 6. og 7. mars 2015 samþykkir eftirfarandi tillögu á 7. grein V. kafla laga og reglugerða SSÍ um staðfestingu og birtingu íslenskra meta. (ath! Breytingar rauðletraðar)

7. grein

~~Stjórn SSÍ heldur gefur út endurskoðaða og staðfesta~~ skrá yfir íslensk met sett í opnum flokki, aldursflokkum unglunga og garpa. *Metin skulu einnig skráð í fundargerðir stjórnar til staðfestingar. tvisvar sinnum á ári, 1. janúar og 16. ágúst. S-Uppfærð skrá* yfir öll íslensk met skal *á hverjum tíma* vera tiltæk á heimasíðu SSÍ. ~~Met sem sett eru milli ofangreindra dagsetninga skulu færð á skrána og sérmerkt fram að næstu endurskoðun hennar.~~

Greinargerð

Fram til þessa hafa reglur okkar miðað að því að met hafa ekki orðið raunveruleg fyrr en eftir að stjórn SSÍ hefur formlega staðfest þau á fundi sínum. Undanfarið höfum við beygt út af þessari braut og reynt að birta met jafnóðum og þau eru sett. Á SSÍ mótum hefur verið gengið út frá því að met sem eru sett á þeim séu þá um leið staðfest, þó það sé ekki nákvæmlega eftir reglum. Eftir því sem tækninni fleygir fram verður auðveldara að uppfæra og upplýsa um met sem sett eru í sundi. Til þess að reglur SSÍ séu orðaðar sem næst því sem gerist í raunveruleikanum þykir rétt að leggja ofangreinda breytingu til.